



# Fjóla Stefáns gegn fjármálaráðherra 18.4.1929

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Fjármálaráðherra – Fjóla Stefáns – Vífilstaðahæli

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-1, Örk 1b

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framhald sóknar í málinu

Fjóla Stefáns

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Skila aftur skjölum málsins nr. 1-10.

Það er öðru nær en að viðurkent sé, að "ríkisstjórnin sé hinn eini rétti aðili um ráðninguna" á ráðskonu að Vífilsstaðahali, eins og háttv mótpartur segir í síðasta varnarskjali. Þvert á móti hefur þessum fyrir slatti hans verið eindregið mótmælt þegar á réttarskjali nr. 9, og skál hér bent á fáein atriði, sem nægja til að sýna það, að gagnvart ráðskonunni er yfirlæknirinn einmitt "hinn eini rétti aðili um ráðninguna".

1. Þegar staðan er auglýst til umsóknar, er það læknirinn, sem auglýsir og honum á að senda umsóknirnar ( sjá t.d. Lögréttu 11/2. 1919 ).

2. Vottorð liggur fyrir frá yfirlækninum sjálfum um að hann hafi framkvæmt ráðninguna með samþykki landsejónarinnar.

3. Umbjóðandi minn er nærri 10 ár í stöðu sinni ráðin af lækninum og allan þann tíma er aldrei á það minst, að neitt sé við ráðningu hennar að athuga. Yfirleitt er aldrei um "ólögmæta ráðningu" talað fyrr en þetta mál er komið fyrir dómstólana og málfarslumaður landstjórnarinnar fer að leita að hálmstráum, sem málstaður umbjóðanda hans megi fljóta á.

4. Þegar núverandi dómsmálaráðherra óskar að hafa nokkur mannskifti við Vífilsstaðahali, þá tilkynnir hann ekki sjálfur starfsmönnum, að þeim sé sagt upp, heldur felur hann yfirlækninum þá tilkynningu bæði til ráðskonu og annara, sbr. bréf dómsmálaráðherra frá 4. okt. 1928, er fyrr hefur verið nefnt í þessu máli. Þetta sýnir glögt, að ráðherrann hefur haft fullan skilning á því, að gagnvart

starfsfólkinu er lækurinn hinn eini rétti aðili um ráðninguna.

Það er nú sýnt, að gagnvart umbjóðanda mínum er lækurinn réttur aðili og "hinn eini rétti aðili" til að skuldbinda tókissjóð. Hitt er alt annað mál, að hann verður um ýmisleg atriði að hegða sér eftir vilja landsstjórnarinnar, - og er það nýjasta dæmið, er hann varð að segja upp nokkru af starfsfólkinu, sem hann sjálfur óskaði að hafa við halið. Og það kynni að leynast sá sannleikskjarni bak við það, sem háttv. mótpartur hefur haldið fram um ráðningu ~~á~~ án samþykkis stjórnarráðsins, að lækurinn gæti skapað sér skaðabótaskyldu gagnvart ríkissjóði með því t.d. að ráða fólk með lengra uppsagnarfresti en hann hefur heimild til. Ef slíkt hefði átt sér stað í þessu máli, þá væri það auðvitað einkamál yfirlæknisins og landsstjórnarinnar, en umbjóðanda mínum óviðkomandi með öllu.

Háttv. mótpartur hefur nú alveg endaskifti á röksemdum sínum um líkinguna milli Vífilsstaðahælis annarsvegar og Klepps og Laugarnessspítala hinsvegar, og er óneitanlega dálítið undarlegt hvernig hann vill snúa því atriði sitt á hvað, eftir því sem hann ætlar málstað sínum að gagni koma. Af því að við Klepp og Laugarnes er til sérstök stofnun, sem á meðal annars að hafa nokkur afskifti af ráðningu ráðskonunnar vill háttv. mótpartur leiða það, að alt önnur stofnun eigi að hafa samskonar vald um Vífilsstaði. - Að vísu er því svo háttað a.m.k. á Kleppi, að "yfirstjórnin", sem þar á að vera, mun hafa heldur hægt um sig, og nú á þessu ári mun hafa verið ráðin þangað ráðskona á nákvæmlega sama hátt og umbjóðandi minn var á sínum tíma ráðin til Vífilsstaða, þ.e. af læknanum og fengu þeir samþykki stjórnarráðsins á ráðningunni. + Því var þetta atriði eitthvert hið allra seinheppi-legasta til að finna analogíu Klepps og Laugarness gagnvart Vífilsstöðum. Hinsvegar benti eg á, að umbjóðandi minn hefði verið ráðin með sama uppsagnarfresti og fyrirskipaður er um stéttarsustur hennar við Klepp og Laugarnes, einu spítalana, sem árið 1919 voru hliðstæðir

Vífilsstöðum. Þessi fyrirskipaði uppsagnarfrestur er vitanlega ekki settur út í bláinn, heldur til að tryggja hag beggja aðila, ekki síður ríkissjóðs en ráðskvænnanna. Í stuttu máli þá sannaði eg, að allar stöður í ríkisins þjónustu, sem hliðstaðar voru starfi umbjóðanda míns, hefðu sama uppsagnarfrest og hún var ráðin með til Vífilsstaðahælis. En þá talar háttv. mótpartur um "sérreglur" um Klepp og Laugarnes og almennan uppsagnarfrest, sem hann heldur fram að sé 3 mánuðir. Er þó vitanlegt að hér á landi er ekki til nein slík almenn regla um uppsagnarfresti, og varla ættu menn að öðlast heimtingu á þriggja mánaða uppsagnarfresti með því að koma og "setjast upp" í einhverri stöðu, eins og háttv. mótpartur annað veifið heldur fram, að umbjóðandi minn hafi gert á Vífilsstöðum.

Þessi líking Vífilsstaða við Klepp og Laugarnes, sem háttv. mótpartur varð til að benda á, gat því til einskis annars leitt en þess, að umbjóðandi minn ætti heimtingu á 6 mánaða uppsagnarfresti, þótt ekki hefði verið sannað, að um þann frest hefði þegar í öndverðu verið samið. Og á þetta benti eg í síðasta sóknarskjali.

Háttv. mótpartur ber fram varakröfu um að mál þetta sé látið koma undir eiði yfirlæknisins á Vífilsstöðum. Í sjálfu sér mundi þetta ekki gera umbjóðanda mínum neitt tjón. En þó hlýt eg að mótmæla varkröfunni þegar af þeirri ástæðu, að í þessu máli er ekkert ósannað er úrslit þes geti oltið á, og að það væri ný og óheyrð aðferð að lát embættismenn þurfa að vinna eið að opinberum vottorðum um framkvæmdir í embættisfærslu þeirra. - En þessi varakrafa háttv. mótparts er enn eitt vitnið um það, hve lítills samræmis gætur í kröfum hans og fullyrðingum, þar sem hann vill til vara setta sig við það, að læknirinn sverji, að "ráðningin hafi farið fram í samráði við ráðherra þann, sem með völdi fór þá og þessi mál snertu, eða með samþykki hans". Ekki heimtað eitt orð í eiðstafinn um það, að læknirinn hafi haft heimild til að ákveða riðstafinn 6 mánaða uppsagnarfrest. Tilgangurinn sýnist vera sá einn,

að fá það sannað, að lækurinn og ráðskonan hafi ekki gert samsæri um það, að hún skyldi setjast að í eldhúsi hælising, í blóra við lög og landsstjórn.

Málsatvik sýnast nú samilega glögg:

1. Sannað og viðurkennt, að umbjóðandi minn er ráðin til stöðu sinnar með 6 mánaða uppsagnarfresti.
2. Sannað, að "hinn eini rétti aðili um ráðninguna" framkvæmi hana.
3. Ef "samþykki ríkisstjórnarinnar" ætti að koma þessu máli við, er sannað með opinberu vottorði, að það var þegar í öndverðu fyrir hendi, enda magg-gefið í verki síðan.
4. Sannað, að uppsagnarfresturinn í þessu máli er svo gjörsamlega í samræmi við það, sem á sér stað annarsstaðar, þar sem eins er ástætt, að umbjóðandi minn hefði átt heimting á 6 mánaða uppsagnarfresti, þó að ekki hefði verið eitt orð um það í ráðningarkjörnum.

Það er því aðeins sakir þess, að eg sé ekki ástæðu til að útvega ríkissjóði sektir frá sjálfum sér, að eg hefði ekki gert kröfu um að stefndur væri sektaður fyrir óþarfa þætu.

Held fast við allar fyrri kröfur mínar og mótmæli málsútlístan háttv. mótparts, að því leyti, sem hún fer í bág við mína.

Legg svo málið í dóm með fyrirvara.

Reykjavík 16. apríl 1929.

Virðingarfylst

Til bæjarþings Reykjavíkur.